

## Samráðsgátt stjórnvalda

Atvinnuvegaráðuneytið

Umsögn frá LS við drög að reglugerð  
um breytingu á reglugerð um  
strandveiðar nr. 460/2024.  
Mál nr. S-58/2025.

Reykjavík 20. mars 2025

Landssamband smábátæigenda lýsir ánægju sinni yfir því sem fram kemur í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Krístrúnar Frostadóttur að tryggja 48 daga til strandveiða. LS hefur skilning á að nú verði það gert með breytingum á reglugerð um veiðar á atvinnuskyni á fiskveiðiárinu 2024/2025 og almanaksárinu 2025 er varðar það magn sem ráðstafað verður til strandveiða.

Jafnframt breytingum á reglugerð um strandveiðar nr. 460/2024 sem hér er til umsagnar.

### 1. Umsóknarfrestur

*„Umsóknir um leyfi til strandveiða skulu berast Fiskistofu fyrir 15. apríl ár hvert og skal í umsókn tilgreina upphafsdag strandveiða innan strandveiðitímabils skv. 1. mgr. 2. gr.“*

*Um ástæður þessa segir að breytingin muni fela í sér aukinn fyrirsjáanleika og einföldun í framkvæmd að fjöldi báta liggi fyrir áður en strandveiðitímabilið hefst.*

LS leggur áherslu á að hér er aðeins verið að tilkynna hvenær viðkomandi hyggst hefja veiðar, ekki verið að gera kröfu um að breytingar á eignarhaldi, né að gildistími haffærisskýrteinis, o.fl. sé klárt fyrir 15. apríl. Það verði eins og verið hefur hlutverk Fiskistofu að fara yfir þá þætti við afgreiðslu leyfisins.

### 2. Eignarhald

*„„Eigandi lögaðila sem er lögskráður á fiskiskip á standveiðitímabilinu skv. 1. mgr. 2. gr. skal eiga meirihluta í lögaðilanum.““*

Um ástæður þessa er ekki getið í texta sem fylgir reglugerðardrögnum.

Verði breytingartillagan samþykkt orðast 4. gr. svo: *„Einungis er heimilt að veita hverri útgerð, eiganda, einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Enginn eigenda lögaðila sem á bát með strandveiðileyfi getur átt aðild að nema einu strandveiðileyfi. **Eigandi lögaðila sem er lögskráður á fiskiskip á standveiðitímabilinu skv. 1. mgr. 2. gr. skal eiga meirihluta í lögaðilanum.** Fiskistofa skal fella niður strandveiðileyfi fiskiskips, þá þegar, ef fyrir liggja gögn sem sýna fram á að skilyrði **1. 2. og 3. málsl.** eru ekki uppfyllt.*

6. gr. a., L116/2006 um stjórn fiskveiða, fjallar um strandveiðar. Upphaf 4. mgr. orðast svo:

„Strandveiðar eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Fiskistofu er aðeins heimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða að fullnægt sé ákvæðum 5. gr. og einungis er heimilt að veita hverri útgerð, [eiganda], <sup>4)</sup> einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. [Eigandi fiskiskips skal vera lögskráður á skipið“.

Lokamálsgrein greinarinnar orðast svo:

*Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd strandveiða. [Þar er m.a. heimilt að setja nánari skilyrði um eignarhald. ... <sup>6)</sup> Enginn eigenda lögaðila sem á bát með strandveiðileyfi getur átt aðild nema að einu strandveiðileyfi.] <sup>7)</sup> <sup>8)</sup>*

LS hefur í nokkur ár haft af því áhyggjur að reglur um eignarhald hafi ekki verið virtar að því marki sem upphaflegt fyrirkomulag og núverandi sagði til um. Saga þessa skal hér rakin:

30. apríl 2010 – „einungis er heimilt að veita hverri útgerð, einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip“.

Um tilurð þess segir í [frumvarpinu](#) „Takmörkun þessi er sett með tilvísun til þess markmiðs að sem flestum verði gert mögulegt að stunda frjálssar veiðar með ströndinni á sjálfbæran hátt. Af þessu leiðir að ekki er gert ráð fyrir að strandveiðar séu stundaðar af aðilum sem eiga yfir mörgum skipum að ráða.“

11. júní 2011 – „Eigandi fiskiskips skal vera lögskráður á skipið.“ Sjá [frumvarp](#)

25. júní 2013 – „Þar er m.a. heimilt að setja nánari skilyrði um eignarhald. Ef eigandi fiskiskips er lögaðili er heimilt að kveða á um að lögskráðir sjómenn á fiskiskipinu eigi tiltekna lágmarkseignarhlutdeild í lögaðilanum. Enginn eigenda lögaðila sem á bát með strandveiðileyfi getur átt aðild nema að einu strandveiðileyfi.“ Í skýringum með [frumvarpi](#) kemur fram – „að heimilt verði að setja nánari ákvæði um eignarhald á fiskiskipum á strandveiðum, til að varna því að sami eða sömu aðilar geri út fleiri en einn strandveiðibát, en það stríðir gegn markmiðum strandveiða.“

29. júní 2020 – Felld brott úr lögnum vegna óskilvirkni: „Ef eigandi fiskiskips er lögaðili er heimilt að kveða á um að lögskráðir sjómenn á fiskiskipinu eigi tiltekna lágmarkseignarhlutdeild í lögaðilanum“.

Af framangreindu má álykta að á öllum stigum breytinga hafi það verið markmið löggjafans að koma í veg fyrir að sömu aðilar gerðu út fleiri en einn strandveiðibát. LS hefur á aðalfundum sínum viljað skerpa á ákvæðinu auk þess að tryggj yrði að raunverulegur eigandi væri lögskráður á bátinn. Samþykkt síðasta aðalfundar var engin undantekning:

*„LS leggur til að skipstjóri strandveiðibáts skuli eiga minnst 26% í fyrirtæki sem gerir út strandveiðibát og það skráð í hlutafélagaskrá. Jafnframt að vera þinglýstur minnst sem 26% eigandi af sínum hlut í bátnum og jafnframt prókúruhafi. LS leggur áherslu á að ríkt eftirlit verði með eignarhaldi á bátum.“*

Þar sem nú liggur fyrir að veiðidagar til strandveiða verði 48 leggur LS til að 4. mgr. reglugerðarinnar orðist svo:

„*Einungis er heimilt að veita hverri útgerð, eiganda, einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Enginn eigenda lögaðila sem á bát með strandveiðileyfi getur átt aðild að nema einu strandveiðileyfi. Eigandi lögaðila sem er lögskráður á fiskiskip á strandveiðitímabilinu skv. 1. mgr. 2. gr. skal eiga jafnan hlut á við aðra eigendur í lögaðilanum. Fiskistofa skal fella niður strandveiðileyfi fiskiskips, þá þegar, ef fyrir liggja*

*gögn sem sýna fram á að skilyrði 1. og 2. másl. eru ekki uppfyllt. Ákvæði 3. ml. þessarar málsgreinar gildir ekki þar sem eigendur lögaðila eru innan sömu fjölskyldu; foreldrar, börn, tengda- eða barnabörn.*


### 3. Skil á aflaupplýsingum fyrir löndun

LS er þeirrar skoðunar til að dagróðrabátar verði undanþegnir því að halda afladagbók.

Að lokum minnir LS á markmið strandveiða sem fram kom í stjórnarfrumvarpi 4. febrúar 2010. Með samþykkt þess féllu strandveiðar ekki lengur undir ákvæði til bráðabirgða heldur voru þær felldar inn í lög um stjórn fiskveiða sem sérstök grein.

*„Yfirlýst markmið með heimild til strandveiða var nýting sjávarauðlindarinnar á nýjum grunni þar sem mönnum væri gert mögulegt að stunda veiðar með ströndinni á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Með strandveiðunum var þannig opnað fyrir takmarkaðar veiðar meðal annars þeirra aðila sem hafa yfir að ráða aflamarki eða krókaflamarki.“*

Virðingarfyllt



framkvæmdastjóri